Starfsáætlun 2021 – 2022

Heilsuleikskólinn Kór

SKÓLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Efnisyfirlit

Inngangur 4
Um leikskólann 4
Skólastarfið 4
Heilbrigði og vellíðan 4
Sköpun og menning 5
Sjálfbærni og vísindi 5
Læsi og samskipti 5
Lýðræði og jafnrétti 5
Námskrá 6
Skólar ehf. – stefna og starfsemi 6
Frjálsi leikurinn 6
Grænfáninn 7
Útinám 7
Málörvun 7
Vináttuverkefni Barnaheilla (Blær) 7
Hugmyndafræði 8
Dagsskipulag 10
Menningarviðburðir 10
Kynning á leikskólanum 11
Foreldrasamstarf 11
Trúnaður – tilkynningarskylda 11
Þátttökuaðlögun 12
Foreldrafélag 12
Foreldraviðtöl 12
Foreldrafundir og upplýsingar til forráðamanna 12
Foreldraráð 13
Starfsmenn 14
Starfsmannastefna 14
Viðverustjórnun 14
Heilsufarsáætlun 14
Samstarf við aðra 15
Samstarf við grunnskóla 15
Endurmat 2020-2021 16
Skólastarfið 16

Þróunar- og nýbreytnistarf 16
Börn 17
Sérkennsla 17
Tölfræðilegar upplýsingar 17
Samsetning starfsmannahópsins 18
Nemar 19
Viðhald 19
Öryggismál 19
Öryggisnefnd 19
Áfallaráð 20
Mat og matsaðferðir 21
Innra mat 21
Aðferðir og matstæki 21
Heilsubók barnsins 21
Gátlistar Heilsustefnunar 21
Heilsueflandi leikskóli 21
Hljóm-2 22
Mat barnanna 22
Mat starfsmanna 22
Starfsmannasamtöl: (Innra mat) 22
Vinnustaðagreining: (Ytra mat) 22
Verkefnabók (Innra mat) skólaárið 2020-2021 23
Fundir og starfsdagar (Símenntun og innra mat) 23
Mat forráðamanna 23
Lokaorð 24
Viðaukar 25
Símenntunaráætlun 2021-2022 25
Gátlisti Heilsustefnunnar – niðurstöður úr mati vor 2021 26
Umbótaáætlun 2021-2022 1
Skóladagatal 2021-2022 2

Inngangur

Heilsuleikskólinn Kór er við Baugakór 25 í Kópavogi. Skólar ehf. hafa verið með þjónustusamning við Kópavogsbæ frá því hann tók til starfa 1. júní 2006. Leikskólinn Kór var vígður Heilsuleikskóli 1. desember 2008. Leikskólinn Kór starfar eftir aðalnámskrá leikskóla. Í henni kemur fram fagleg stefnumörkun og lýsing á sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Starfsáætlun þessi inniheldur almennar upplýsingar um leikskólann Kór ásamt samantekt síðasta vetrar og áætlunum fyrir næsta vetur. Skóladagatal er sem viðauki en þar er að finna alla helstu viðburði skólaársins. Allar helstu upplýsingar um starfið í leikskólanum má finna á heimasíðu Heilsuleikskólans Kór www.kor.skolar.is og og skólanámskrá http://kor.skolar.is/Skolastarfid/Skolanamskra

Kjörorð Heilsuleikskólans Kórs er *„Heilbrigð sál í hraustum líkama“.*

Um leikskólann

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda leikskóli með rými fyrir 112 nemendum frá 18 mánaða aldri til sex ára. Það er opið frá 7:45 til 16:30 flestir nemendur eru 7,5 til 8.00 tíma á dag. Heildarrými á hvert barn er 7,5 fm. Grunnflötur hússins er 842 m2 að stærð leikrými er 426 m2 og er byggingin eign Kópavogsbæjar.

Húsnæðið skiptist í tvo ganga sem eru með þrjár deildir eða lundi hvor, sameiginlegt fataherbergi og salerni er á hvorum gangi. Íþróttasalur er á öðrum ganginum. Í miðrými er listasmiðja fyrir fjölbreytta sköpun , bókasafn, leikrými sem er samnýtt fyrir báða ganga ásamt þvottahúsi og eldhúsi. Starfsmannagangur liggur út frá miðrými þar sem eru skrifstofur stjórnenda, sérkennslustjóra, undirbúningsrými og kaffistofa. Kór er opinn leikskóli, þ.e. að deildarnar eru ekki mjög stórar, en stór svæði skólans eru samnýtt af flestum deildum, s.s. hreyfisalur, listasmiðja, bókasafn o.fl. ásamt miðrýminu.

Skólastarfið

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið.

Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Námssvið leikskóla eru:

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Námskrá

Hugmyndafræði sem unnið er eftir í Heilsuleikskólanum Kór er samkvæmt Heilsustefnu Unnars Stefánsdóttur og auðvitað lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla. Skólanámskrá Heilsuleikskólans Kórs fjallar um þau gildi og hugmyndafræði sem tekið er mið af. Auk þess veitir hún heildaryfirlit yfir starfsaðferðir leikskólans og er grundvöllur fyrir gæðamat og framþróun. Markmið skólanámskrár er að vera leiðandi um hvað, hvernig, hvenær og hvar fjölbreytt uppeldi og menntun leikskólans á að fara fram.

- Markmið og tilgangur skólanámskrár er:
    - að skipuleggja uppeldi og nám barnanna
    - að stuðla að skilvirkara starfi
    - að gera leikskólastarfið sýnilegra (Aðalnámskrá leikskóla, 2011)

Námsskrá Heilsuleikskólans Kórs er í endurskoðun og gerum við ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið vorið 2023.

Skólar ehf. – stefna og starfsemi

Öll börn ættu að alast upp við það að virða heilsu sína sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir auknum lífsgæðum til frambúðar. Skólar ehf. hafa frá upphafi (2001) lagt mikla áherslu á heilsueflandi skólastarf og endurspeglast meginmarkmið og leiðarljós fyrirtækisins í yfirskriftinni *„Heilbrigð sál í hraustum líkama“*. Stefna Skóla ehf. miðar að því að gera fyrirtækið og starfsmenn þess enn samstilltari og hæfari til að ná þessu markmiði.

Í **heilsustefna Unnar Stefánsdóttur** er markmiðið að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á ***næringu, hreyfingu og sköpun*** í leik og starfi. Í leikskólanum fara öll börn einu sinni í viku í skipulagðar 30-40 mínútna stundir í hreyfingu og sköpun með fagstjórum. Þessar stundir eru skipulagðar fyrirfram og tengjast bæði þeim þáttum sem prófaðir eru í heilsubók barnsins og þema vetrarins.

Í uppbyggingu **matseðla** er lögð áhersla á hollt heimilisfæði þar sem markmiðið er að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu, en minnka neyslu á fitu, salti og sykri. Allir leikskólar Hjá Skólum ehf. vinna eftir næringarstefnu Samtaka Heilsuleikskóla (SHL) og fylgja 8 vikna matseðli sem næringarfræðingur SHL setti saman. Í matseðlinum er reiknað út næringargildi hverrar máltíðar, dags og viku og lögð áhersla á að nemendur fái 75% af ráðlögðum dagskammti af þeim næringarefnum sem þau þurfa úr öllum fæðuflokkunum en gert er ráð fyrir að þeir fái 25% heima.

Frjálsi leikurinn

Eflir hlutverka– og ímyndunarleik nemanda. Hann er flókið ferli þar sem nemendur takast á við eigin tilfinningar, vinna úr eigin reynslu og læra að setja sig í spor annarra. Í frjálsum leik þarf að vera til efniviður sem býður upp á rannsóknir og sköpun. Í leikskólanum er lögð

áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og að sköpunargleði þeirra fái notið sín. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman.

Grænfáninn

Frá opnun leikskólans var mikill áhugi fyrir umhverfismennt en snemma árs 2010 var tekin meðvituð ákvörðun um að efla hana enn frekar í leikskólanum. Umhverfismennt fellur vel að Heilsustefnunni, að hugsa vel um umhverfi sitt til jafns við líkama og sál.
Heilsuleikskólinn Kór fékk Grænfánanna fyrst afhentan 1. júní 2012 á sex ára afmæli skólans og í fjórða sinn í 1. júní 2018 á 12 ára afmæli skólans. Leikskólinn fékk Umhverfisviðurkenningu árið 2012 frá Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs fyrir framlag sitt til umhverfis og samfélags.

Útinám

Er eitt af einkennum skólans og á sumrin breyta fagstjórar í sköpun og hreyfingu um takt og fara með starfið sitt út ásamt starfsmönnum leikskólans. Tveir elstu hóparnir fara reglulega í Magnúsarlund en yngri hóparnir fara út í móa og í gönguferðir um nánasta umhverfi. Markmið útinámsins er að nemendur öðlist meira úthald, aukinn kraft og betra jafnvægi. Að vera úti í náttúrunni hefur jákvæð áhrif á þroska, heilsu og líðan nemenda en einnig benda rannsóknir á að hreyfiþroski barna aukist meira í náttúrulegu umhverfi en manngerðu. Hreyfing leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd og því þykir okkur mikilvægt að stuðla að aukinni útiveru og virðingu nemenda fyrir náttúrunni. Í útináminu fá nemendur tækifæri á að upplifa náttúruna á sinn hátt í gegnum frjálsan leik, náttúruleiki, listsköpun og rannsóknir. Verkefnin miðast við aldur og þroska nemenda og tengjast inn á öll námssvið leikskólans.

Málörvun

Málörvun er sem rauður þráður í öllu daglegu starfi með nemendum og er mikilvægt að nýta hvert tækifæri eins og í fataklefa, við bleyjuskipti og matarborðið. Einnig í samverustundum, frjálsa leiknum, verkefnavinnu og vettvangsferðum. Við lesum og hlustum á sögur, syngjum og lærum þulur og vísur. Einnig er farið í ýmsa orða- og hugtakaleiki, tjáningu, rím, hlustun, hljóðgreiningu, atkvæði, stafi, setningar, orð og fl. Allar deildir vinna með „Lubbi finnur málbein“ þar sem börnin fá að kynnast íslensku málhljóðunum og vinna með orðaforða. Tákn með tali (TMT) verður innleitt á þessu skólaári og er sérstaklega mikilvægt að nota það í starfi með yngstu börnunum og þeim sem eiga erfiðara með að tjá sig með orðum.

Vináttuverkefni Barnaheilla (Blær)

Það byggir á nýjustu rannsóknum á forvörnum gegn einelti. Unnið er að því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Þátttaka allra; nemanda, starfsfólks og foreldra er grundvöllur þess að vel til takist.

Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því.

Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

Umburðarlyndi
Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

Virðing
Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.

Umhyggja
Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki
Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Verkefnið er unnið í öllum aldurshópum, yngstu börnin læra meðal annars um tilfinningar á meðan eldri börnin kafa dýpar og dæmi sögur þar sem þau þurfa að setja sig i spor annarra. Þróunarverkefnið *„Blær brúar bilið“* sem er samstarfsverkefni með Hörðuvallaskóla og leikskólunum Baugi og Austurkór lauk formlega vorið 2021 en Covid-19 setti strik í reikninginn. Mikill vilji er fyrir því að halda verkefninu áfram og þróa það enn frekar til að gera elstu börnum þessara leikskóla auðveldara með að færa sig yfir á grunnskólastigið.

Hugmyndafræði

Í uppeldisstarfi Heilsuleikskólans Kórs er stuðst við eftirfarandi uppeldisfræðikenningar: Samkvæmt þroskasálfræðingnum **Jean Piaget** skiptist vitsmunaþroski barnsins í fjögur megin þroskastig sem koma í ákveðinni röð og að einstaklingurinn færist af einu stigi yfir á annað. Piaget lítur fyrst og fremst á leikinn sem þátt í hugsun barnsins og vitsmunaþroska og segir að barnið fái sína þekkingu í gegnum eigin upplifanir.

Erik H. Eriksson þroskasálfræðingur sagði að leikurinn væri besti og virkasti þáttur í þroska og lífi barnsins. Í leiknum skapar barnið sér aðstæður til að ná valdi á sjálfu sér og umhverfinu. Samkvæmt kenningu hans er leikurinn besta leiðin til að ná jafnvægi í daglegu lífi og efla sjálft sig og styrkja. Erik var fyrsti kenningasmiðurinn sem varð þekktur fyrir að setja fram kenningu um allt æviskeiðið frá vöggu til grafar.

John Dewey heimspekingur og menntunarfræðingur lagði mesta áherslu á að vekja áhuga barnsins með leik og starfi og þannig virkja hina miklu athafnaþörf þess. Hin fleygu orð hans *„learning by doing“*, að læra með því að fást sjálf við viðfangsefnin, urðu einkunnarorð hans. Hann lagði til að unnið væri með ákveðið þema á afmörkuðu tímabili og hvatti kennara til að samþætta námsgreinar. Hugmyndir um heildtæka skólastefnu og blöndun fatlaðra og ófatlaðra barna er í samræmi við hugmyndafræði hans.
um allt æviskeiðið frá vöggu til grafar.

Dagsskipulag

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:15-	VAL/ frjálsleikur	VAL/ frjálsleikur	VAL/ frjálsleikur	VAL/ frjálsleikur	VAL/ frjálsleikur
8:00 –	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:15 – 11:15	**hreyfing/sköpun**	**hreyfing/sköpun**	**hreyfing/sköpun**	**hreyfing/sköpun**	**hreyfing/sköpun**
10:00-10:30	**Málörvun**	**Málörvun**	**Málörvun**	**Málörvun**	
9:45 – 11:00	Verkefnavinna / Val/útivera vettvangsferð	Verkefnavinna / Val/útivera vettvangsferð	Verkefnavinna / Val/útivera vettvangsferð	Verkefnavinna / Val/útivera vettvangsferð	Verkefnavinna / Val/útivera vettvangsferð
11:00 – 11:30	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera
11:15 12:00	**Hádegismatur**	**Hádegismatur**	**Hádegismatur**	**Hádegismatur**	**Hádegismatur**
12:00 – 14:00	**Hvíld / róleg stund**	**Hvíld / róleg stund**	**Hvíld / róleg stund**	**Hvíld / róleg stund**	**Hvíld / róleg stund**
12:30 14:15	**Hreyfing & sköpun**	**Hreyfing & sköpun**	**Hreyfing & sköpun**	**Hreyfing & sköpun**	Söngstund í sal
12:30 – 14:00	**Útivera frjáls leikur /** vettvangsferð	**Útivera frjáls leikur /** vettvangsferð	**Útivera frjáls leikur /** vettvangsferð	**Útivera frjáls leikur /** vettvangsferð	**Útivera frjáls leikur /** vettvangsferð
14:00 – 14:30	Söngstund / samvera Blær	Söngstund / samvera Blær	Söngstund / samvera Blær	Söngstund / samvera Blær	Söngstund / samvera Blær
14:30 – 15:00	**Síðdegis-hressing**	**Síðdegi-shressing**	**Síðdegis-hressing**	**Síðdegis-hressing**	**Síðdegis-hressing**
15:00 16:30	Samvera /val/útivera	Samvera /val/útivera	Samvera /val/útivera	Samvera /val/útivera	Samvera /val/útivera
16:30	Lokar	Lokar	Lokar	Lokar	Lokar

Menningarviðburðir

Menningarviðburðir, ferðir, sýningar og hátíðir

- Flestir mánuðir eiga sér lit og í lok mánaðar er þemadagur tengt hverjum lit þar sem allir koma saman í sal og syngja og börnin koma í fötum í mánaðarlitnum í leikskólann.
- Dagur íslenskrar náttúru er 16. september, þá er hefð fyrir því að tveir elstu árgangarnir fari í Magnúsarlund, hiti kakó og gæði sér á döðlum.
- Alþjóðlegi bangsadagurinn er 27. október og af því tilefni mega börnin koma í náttfötum og með bangsa í leikskólann.

- Í lok október höldum við hrekkjavöku, börnin hafa útbúið hrekkjavökuskraut og börnin mega koma í búningi.
- 8. nóvember er baráttudagur gegn einelti og því ræðum við og syngjum um mikilvægi vináttunnar og Blær hjálpar okkur að læra það. Elstu árgangurinn fer í vináttugöngu um hverfið ásamt Baugi, Austurkór og Hörðuvallaskóla.
- 16. nóvember er dagur íslenskrar tungu. Vikuna áður söfnum við málbeinum fyrir Lubba með því að skrá niður allar bækur sem eru lesnar heima og í leikskólanum. Lubbi fær svo alla beinahrúguna í afmælisgjöf en hann á einmitt afmæli á degi íslenskrar tungu.
- Á aðventunni eru ýmsar hefðir eins og piparkökubakstur, jólaleikrit í boði foreldrafélagsins og jólaball með jólasveinum sem gjarnan er haldið í Hörðuvallaskóla. Einnig er foreldrum boðið í kaffi í byrjun mánaðar.
- Í janúar er bóndadeginum fagnað með því að bjóða pöbbum, öfum og bræðrum í morgunkaffi.
- Í febrúar fögnum við bolludegi með kjöt/fiskibollum og rjómabollum. Á sprengidegi eru að sjálfsögðu saltkjöt og baunir og öskudeginum er fagnað með búningum og balli þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni. Haldið er upp á konudaginn með því að bjóða mæðrum, ömmu og systrum í kaffi.
- Í mars er danskennsla í hreyfistundum og svo er dansinn sýndur fyrir foreldra.
- Útskrift meistara og útskriftarferð í Vatnaskóg er í maí. Einnig fara meistararnir í vorskóla í Hörðuvallaskóla.
- Í maí er einnig „Move Week“ eða hreyfivika UMFÍ sem að fagstjóri í hreyfingu skipuleggur.
- Í júní er haldið upp á afmæli leikskólans og íþróttadag.

Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans www.kor.skolar.is má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Einnig er skólinn með Facebook „like“ síðuna „Heilsuleikskólinn Kór“ þar sem sagt er frá því skemmtilega starfi sem fer fram í leikskólanum. Karellen er það samskiptaforrit sem er notað fyrir forráðamenn og starfsfólk.

Foreldrasamstarf

Leikskólinn er lögum samkvæmt (90/2008) fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist góð foreldrasamvinna sem einkennist af samskiptum og trausti skal í öllum tilvikum hafa umhyggju og velferð barnsins í forgrunni.

Trúnaður – tilkynningarskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða nemendur og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær

vitneskju um í starfi sínu. Allir starfsmenn leikskólans undirrita sérstakt þagnarheit sem er í gildi þó starfsmaður láti af störfum. Ef deildarstjóri/stjórnendur skólans telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum nemanda sé ekki sinnt, ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar samanber 13. grein laga um málefni barna og ungmenna.

Þátttökuaðlögun

Fyrstu samskipti foreldra við leikskólasamfélagið sem byggir á hlýju og virðingu í garð foreldra og barna er lykilatriði í að búa til gott samstarf á milli heimilis og skóla. Eitt af því sem hafa þarf í huga í leikskólastarfi er að foreldrar finni að leikskólasamfélagið meti og virði þekkingu þeirra. Þátttökuaðlögun byggir á því að foreldrar eru með börnunum sínum fyrstu þrjá dagana þegar börnin eru í aðlögun í leikskólanum. Foreldrar kynnast þá starfi leikskólans, dagskipulaginu og starfsfólki deildarinnar. Að byggja upp traust milli foreldra og kennara er mikilvægur þáttur því fyrir marga foreldra getur það reynst erfitt að yfirgefa barnið og því skiptir traust og góð samskipti miklu máli. Foreldrar verða þá öruggari með að skilja börnin eftir, öryggir foreldrar = örugg börn. Það er í stefnu leikskólans að fara í heimsóknir heim til barnanna áður en þau byrja í aðlögun og að fyrsta viðtal við foreldra fari fram í nánasta umhverfi barnsins. Covid-19 hefur oft komið í veg fyrir að kennari og stjórnendur leikskólans hafi komist í heimsókn en vonast er til að setja þetta í gang þegar staðan á faraldrinum er orðinn betri.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er skipað fimm til sjö foreldrum. Markmið þess er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna í leikskólanum. Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg og getur félagið stutt vel við starfið í leikskólanum og því er það hagur leikskólans að hafa öflugt og virkt foreldrafélag.
Undanfarin ár hefur foreldrafélagið séð um að greiða fyrir jólaleikrit og heimsóknir jólasveina, sveitaferð að vori og skemmtiatriði og veitingar á sumarhátíð leikskólans.

Foreldraviðtöl

Formleg foreldraviðtöl eru einu sinni á ári í afmælismánuði barnsins en foreldrar geta óskað eftir viðtali ef þörf er á. Í foreldraviðtölum er farið yfir heilsubók barnsins, líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og áhugasvið. Skráð er í Heilsubók barnsins tvisvar sinnum á ári og sú breyting hefur orðið á að núna er miðað við að skrá í afmælismánuði barnsins og aftur sex mánuðum síðar.

Foreldrafundir og upplýsingar til forráðamanna

Þegar foreldrar fá leikskólavist fyrir barnið sitt eru foreldrar boðaðir á foreldrafund þar sem stjórnendur kynna áherslur í starfi leikskólans. Foreldrar fara síðan inn á deild með deildarstjóra þar sem starfið á deildinni er kynnt og farið er yfir þátttökuaðlögunina.

Leikskólastjóri sendir síðan foreldrum almennar upplýsingar um starfið og fyrirkomulag aðlögunarinnar þeim til stuðnings.
Upplýsingar til foreldra fara að stórum hluta fram í gegnum dagleg samskipti við kennara/starfsmenn en einnig í gegnum Karellen appið. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir slíkum samskiptum og er foreldrum bent á að snúa sér til þeirra með margvísleg málefni sem snerta nemendur og dvöl þeirra í leikskólanum. Upplýsingar um kennara/starfsmenn, matseðil, skóladagatal, dagskipulag, tilkynningar og myndir úr starfinu birtast á heimasíðu skólans. Í fataherbergi og við hverja deild er einnig upplýsingatöflur þar sem kennarar/starfsmenn skrá helstu viðburði hvers dags auk orðsendinga til foreldra.

Á haustin er haldinn foreldrafundur í samvinnu við foreldrafélag leikskólans sem heldur aðalfund foreldrafélagsins. Byrjað er á því að hittast á sameiginlegum fundi þar sem skólastjórnendur kynna áherslur á starfi leikskólans á komandi skólaári ásamt því að fara yfir hagnýtar upplýsingar til foreldra. Kosið er í foreldrafélagið og farið yfir það sem hefur verið gert og hvað er framundan. Eftir sameiginlega fundinn fara foreldrar á deildarfund inn á deild síns barns/barna og farið er yfir starfsáætlun og almennar upplýsingar til foreldra.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er foreldraráð starfandi á Heilsuleikskólanum Kór. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar bæjarins um skólanámskrá, ársáætlun og endurmat á henni ásamt öðrum áætlunum er varða leikskólastarfið. Einnig er það hlutverk ráðsins að fylgja eftir framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Í foreldraráði sitja a.m.k. þrír foreldrar og leikskólastjóri.

Starfsmenn

Hlutverk skólastjórnenda og kennara er að hafa forystu um að skólastarfið sé í stöðugri þróun og stuðla þannig að framförum og virku lærdómssamfélagi til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Skipurit leikskólans sjá fyrir neðan.



Starfsmannastefna

Í Starfsmannastefnu Skóla ehf. er lögð áhersla á að byggja upp vel menntaðan, samstilltan og ábyrgan hóp af fagfólki með því að hvetja og styðja starfsmenn til að afla sér leikskólakennaramenntunar. Lögð er áhersla á að samræma meginhluta símenntunaráætlunar skólanna hjá Skólum ehf. t.d. með því að halda sameiginlegan starfsdag annað hvert ár. Þar er boðið upp á námskeið, fyrirlestra er tengjast sameiginlegri stefnu heilsuleikskóla er nýtist bæði í starfi og heilsueflingu nemenda og starfsmanna.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar á fyrstu dögum í starfi. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir.

Viðverustjórnun

Allir leikskólar hjá Skólum ehf. vinna eftir áætlun um viðverustjórnun. Meginmarkmið er að auka hag og lífsgæði starfsmanna með aukinni vellíðan og góðu vinnuumhverfi. Starfsmenn í Kór gerðu vinnusáttmála um hvernig starfsumhverfi þau vilja vinna í og ræddu hvaða áhrif einstaklingurinn hefur á þau verkefni sem við erum að vinna að. Við viljum skapa umhverfi þar sem bæði nemendum og starfsmönnum líður vel.

Heilsufarsáætlun

Skólar ehf. hafa sett í gang heilsufarsáætlun sem er hluti af starfsmannastefnu fyrirtækisins. Hugað er að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan starfsmanna þar sem boðið er upp á

heilsufarsskoðanir a.m.k. annað hvert ár og inflúensu bólusetningar árlega. Starfsmannaðstæður eru teknar út og lögð áhersla á fræðslu frá sjúkraþjálfara vegna líkamsbeitingar o.fl.

Þau verkefni sem unnið er að með starfsmannahópnum hverju sinni eru ákveðin út frá niðurstöðum úr mati og umbótastarfi á starfsumhverfi leikskólans tengt verkefnabók leikskólans, verkefnum um heilsueflingu, lýðheilsu, viðverustjórnun og heilsufarsáætlun sem unnin eru á deildarfundum, skipulagsdögum leikskólans og sameiginlegum starfsdögum Skóla ehf.
Einnig er:

- Sex vikna hvatning og umbun fyrir einstaklinga til að hreyfa sig 30 mín. á dag og er markmiðið að starfsmenn finni hvatningu til að gera þetta að lífsstíl. Mikilvægt er að hver og einn finni sér hreyfingu sem veitir þeim ánægju og vellíðan. Er þetta hvatning sem haldin er sex vikum fyrir sameiginlegan starfsdag hjá Skólum ehf. og eru veittar ýmis konar viðurkenningar tengdar þessari hvatningu.
- Hvatningakerfi en fyrir þá starfsmenn sem mæta 100% til vinnu í 6 vikur fá þeir ½ dag í frí. Þessum frídögum er hægt að safna upp í lengra frí sem tekin eru út í samráði við leikskólastjóra.
- Starfsmenn taka árlega þátt í „ Lífshlaupinu“

Samstarf við aðra

Leikskólinn er í góðu samstarfi við aðra leikskóla sem skólar ehf. rekur, Samtök Heilsuleikskóla, Menntasvið Kópavogs, Salalaug, Heilsugæsluna, Samtök sjálfstæðra Skóla (SSSK) o.fl.

Samstarf við grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra. Heilsuleikskólinn Kór er í góðu samstarfið við Hörðuvallaskóla sem er staðsettur á móti leikskólanum. Samstarfið felst meðal annars í þróunarverkefninu „Blær brúar bilið“ eins og hefur komið fram áður, við fáum sal Hörðuvallaskóla lánaðan fyrir ýmsa viðburði og elstu börn leikskólans var reglulega í heimsóknir á vorönn til að undirbúa grunnskólagönguna.

Endurmat 2020-2021

Skólastarfið

Skólastarfið á síðasta skólaári litaðist af Covid-19 faraldrinum þar sem skólanum var skipt í sóttvarnarhólf hluta af starfsárinu. Þetta hafði kosti og galla, t.d. var ekki eins mikill samgangur á milli deilda og börnin og starfsfólk blandaðist minna. Fyrstu aðlaganir haustið 2020 gengu vel og voru frjálslegri en varð síðar þegar faraldurinn fór upp á við aftur.

Reynt var að halda í hefðir leikskólans eins vel og hægt var, vettvangsverðir, skipulagðar hreyfistundir og sköpun í leik og starfi. Jólaballið var haldið í leikskólanum en ekki í Hörðuvallaskóla eins og hefðin hefur verið. Það voru jólaböll á hvorum gangi fyrir sig og opið inn á deildir og jólasveinarnir kíktu inn um gluggana. Þetta var mjög vel heppnað og bjó til rólegri stund en oft hefur verið.

Eftir áramót var haldið þorrablót, öskudagsgrímuball o.fl. vegna Covid seinkaði útskrift elstu barna fram í júní en venjan er að útskriftin fari fram í maí. Sumarhátíðin var einnig í júní og bauð foreldrafélagið upp á skemmtiatriði og veitingar á sumarhátíð skólans. Krakkahestar komu í heimsókn og Wally trúður skemmti við góðar undirtektir. Að þessu sinni var ekki hægt að fara í sveitaferð eins og undanfarin ár þar sem foreldrafélagið hefur skipulagt sveitaferð fyrir foreldrar, nemendur og systkini. Foreldrafélagið hafa einnig læðst inn með glaðning fyrir starfsmenn inn á kaffistofuna og kunnum við vel að meta það.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Unnið er markvisst með vináttuverkefnið Blæ í leikskólanum ásamt því að taka þátt í þróunarverkefnið *„Blær brúar bilið“* sem er samstarfsverkefni með Hörðuvallaskóla og leikskólunum Baugi og Austurkór. Verkefnið átti formlega að ljúka vorið 2021 en Covid-19 setti strik í reikninginn. Mikill vilji er fyrir því að halda verkefninu áfram og þróa það enn frekar til að gera elstu börnum þessara leikskóla auðveldara með að færa sig yfir á grunnskólastigið.
Leikskólastjóri er verkefnastjóri Skóla ehf. í Erasmus+ samstarfsverkefni á milli sex stofnana á Íslandi, Slóvakíu og Ungverjalandi. Verkefnið heitir Bio-Trio 2 og er framhaldsverkefni sem lauk með gerð handbókar um þroska barnsins og snemmtæka íhlutun árið 2019.

Börn

Starfið í haust hófst með því að taka inn 33 nýja nemendur sem höfðu fengið dagsetningu við úthlutun. Við gerð þessarar skýrslu þá vorum 102 nemendur í skólanum. Fjórtán börn eiga báða foreldra með annað móðurmál en íslensku og sjö börn eiga annað foreldrið með erlent móðurmál.

	Dvalarstundir														
Árgangar	**<4.5**	**5**	**6,0**	**6,5**	**7,0**	**7,25**	**7,5**	**7,75**	**8,0**	**8,25**	**8,5**	**8,75**	**10<**	**Samtals**	**Barngildi**
2016	0	0	0	0	1	0	0	0	12	1	8	1	0	23	0,80
2017	0	0	0	0	0	0	0	0	11	1	4	2	0	18	1,00
2018	0	0	0	0	1	0	0	2	10	1	0	2	0	16	1,30
2019	0	0	0	0	0	0	0	1	18	1	4	0	0	24	1,60
2020	0	0	0	1	4	0	2	0	8	0	6	0	0	21	2,00
Alls	**0**	**0**	**0**	**1**	**6**	**0**	**2**	**3**	**59**	**4**	**22**	**5**	**0**	**102**	**6,7**

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn.

Við skólann er föst 75% staða sérkennslustjóra sem heldur utan um allar skýrslur og fundasetur með foreldrum og stuðningsteymum nemenda. Sérkennslustjórinn er stuðningur við deildarstjóra og starfsmenn sem sinna stuðning inn á deildum.

Lögð er áhersla á að nemendur með stuðning fái notið sín í öllu starfi leikskólans. Stuðningur er inn í daglegu starfi nemenda, lögð er áhersla á að kenna í litlum hópum en í einstaka tilfellum þarf einnig að vera með einstaklingskennslu. Leiðsögn og stuðningur tekur mið af þörfum hvers nemenda og er í nánu samráði við foreldra. Leikskólinn fær stuðning og ráðgjöf varðandi nemendur með sérstuðning frá stoðþjónustu Kópavogs en er einnig í nánu samstarfi við sálfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfa og iðjuþjálfa sem sjá um greiningar, ráðgjöf og aðra þjónustu. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur einnig verið með reglulega fundi vegna nemenda sem hafa farið í greiningaferli hjá þeim sem og er gott samstarf við Ung- og smábarnavernd heilsugæslunnar. Leikskólinn er fyrir alla nemendur á leikskólaaldri.

Sérkennslustjóri er ánægð með það starf sem unnið hefur verið í vetur þrátt fyrir álag þar sem starfsfólk var að gera sitt besta. Með góðri samvinnu allra fagaðila og foreldra næst góður árangur og sýnin er björt á næsta vetur enda ekki annað hægt með það frábæra fólk sem starfar í Kór.

Tölfræðilegar upplýsingar

Það eru tíu nemendur með stuðning í 1. og 2. flokki. Helmingur af þessum nemendahóp eru að hluta til í einstaklingskennslu með sínum stuðningsaðila og er það gert í samráði við foreldra og fagaðila. Er það mat fagaðila að best væri fyrir þá nemendur að vera í einstaklingskennslu á meðan þau eru að ná ákveðinni færni. Þeir nemendur sem ekki voru í

einstaklingskennslu voru í fámennari nemenda hópum í ýmsum athöfnum dagslegs lífs, í málörvun og/eða félagsfærnikennslu.

Leikskólinn er með 12 tíma úthlutað fyrir 3. – 4. flokk sem voru samnýttir fyrir ellefu nemendur.
Fjöldi sérkennslustíma voru í lok nóvember 29 tími á dag í 1. og 2. flokki og 12 tímar á dag í 3. og 4. flokki sem skiptumst niður á 21 börn.

Listar sem notaðir eru í sérkennslu:

- **Íslenski þroskalistinn** sem er mat foreldra á þroska barna og er listinn fyrir börn á aldrinum 3 - 6 ára.

- **Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn frá 1$^{1/2}$ – 3 ára** og er stuðst við bókina Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja og þriggja ára barna.

- **AEPS-matskerfinu** (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) er hagnýtt tæki sem sérkennslustjóri er með þekkingu á. Það nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða og sérstakur matslisti fyrir foreldra fylgir. AEPS-matskerfið nýtist til að meta færni barna á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili.

Samsetning starfsmannahópsins

Á síðasta skólaári voru 29,92 stöðugildi í leikskólanum, þar af 3 stöðugildi vegna sérkennslu í 1. og 2. flokki, 1,5 stöðugildi fyrir 3. og 4. flokk og 0.75 fyrir sérkennslustjóra.
Þann 1. desember 2021 er samsetning starfsmanna eftirfarandi:

Starfsheiti/ menntun	**Fjöldi**
B.Ed leikskólakennarafræði	2
Leyfisbréf kennari	3
Master með leyfisbréf kennara	3
Önnur uppeldismenntun	6
Háskólamenntun önnur en uppeldismenntun	2
Leikskólaliði	3
Leiðbeinandi	12
Starfsmenn í eldhúsi	2

Nemar

Fagstjórinn í hreyfingu var með nema úr grunnnámi (BSc) í íþróttafræði á vorönn 2021 Háskóla Reykjavíkur. Neminn starfar núna með skóla í Kór og er það afar ánægjulegt. Tveir nemar í leikskólakennarafræðum sem eru að ná sér í kennsluréttindi (eru með annað háskólapróf í grunninn) voru í tveggja vikna vettvangsnámi á haustönn 2021 og voru þau sérstaklega hrifin af málörvunarstarfinu með elstu börnunum.

Viðhald

Grunur um myglu kom upp sumarið 2020 og voru framkvæmdir innanhús af þeim sökum yfir allt síðasta skólaár. Á haustönn 2021 var skrifstofa sérkennslustjóra tekin í gegn, skipt um dúk og málað. Sex DNA sýni voru tekin víðsvegar í húsinu og voru fjögur þeirra alveg hrein en örlítið af myglugró fannst í ryksýnum á tveimur stöðum. Þessi svæði voru þrifin vel og erum við bjartsýn á að búið sé að koma í veg fyrir þennan vanda.
Sumarið 2021 var lóðin bakvið hús tekin í gegn og hönnuð til að henta betur yngstu börnum leikskólans. Skipt var um leiktæki, einnig undirlag á stórum flötum og spýtu grindverk fjarlægð sem höfðu verið þar síðan að leikskólinn opnaði. Lítill kastali var settur þar sem stór sandkassi hafði verið áður og lítið grindverk sett til að afmarka hluta af leiksvæðinu fyrir yngstu börnin. Þessar framkvæmdir eru afar vel heppnaðar og mikil ánægja með þetta svæði. Lóðin fyrir framan leikskólann var löguð lítillega, þ.e. fyllt upp í holur til að minnka líkur á slysum en til stendur að taka þennan hluta af leiksvæðinu í gegn á næstu árum.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum. Starfsmenn í Kór fóru á Skyndihjálpar námskeið í mars 2021.

Hér má finna: Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Aðstoðarleikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila og öryggistrúnaðarmaður er kosin af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð og send til Sjóvár sem er í samstarfi við Skóla ehf.

HLUTVERK/SKILGREINING og tengingar við ÖRYGGISVÖRÐ + tíðni á ýmsu eftirliti

A) **Öryggisvörður:** Kolbrún G. Haraldsdóttir aðstoðarleikskólastjóri – vinnueftirlit
B) **Öryggistrúnaðarmaður:** Guðbjörg Elsa Sveinbjörnsdóttir deildarstjóri á Gleðilundi
C) **Fulltrúi deilda:** {tengiliður við öryggistrúnaðarmann} v/ öryggis- og viðgerðarmála innanhúss.

Daglegt og mánaðarlegt eftirlit sé fært á þar til gerð eyðublöð, sem útfyllist af fulltrúa deilda. Gögn þessi verða geymd inni hjá leikskólastjóra í öryggishandbók leikskólans. Fylgja skal eftir að öryggi barnanna sé tryggt.

D) **Tengiliður við öryggismál** (heilbrigðiseftirlit): Umsjón með öryggis – og viðgerðarathugasemdum – kemur athugasemdum til öryggisvarðar/aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

E) **Karellenstjóri:** Hlutverk Karellenstjórans er að sjá til þess að mæting barnanna sé rétt skráð alla daga inn í Karellen. Einnig er hann fyrstur út á svæði ef þarf að **RÝMA** hús og tekur **ÖRYGGISMÖPPU** og **Karellen I - pad** með sér út úr húsi. Deildarstjóri sér um að skipa annan Karellenstjóra, ef karellenstjórinn er fjarverandi.

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir. Í áfallaráði heilsuleikskólans Kór sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar sem málið snertir.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:
Áfallaáætlun leikskólans
Jafnréttisáætlun Skóla ehf.
Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar
Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi
Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins

Mat og matsaðferðir

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 er tilgangur með mati á leikskólastarfi sá að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir (innra mat) og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila (ytra mat).

Innra mat

Markmið innra mats er að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun, auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér. Þátttakendur í innra mati eru starfsfólk, foreldrar og nemendur og byggir matið á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni. Á fundum og starfsdögum fer fram endurmat og samræður um stefnu skólans, daglega starfshætti og stjórnun.

Aðferðir og matstæki

Matstæki skólans eru fjölbreytt og taka til allra þeirra þátta sem krafist er þegar meta á leikskólastarf.

Heilsubók barnsins

Metur þroskaframvindu einstaka barns, heilsufar og félagslega færni. Þættir sem eru metnir eru gróf- og fínhreyfiþroski, lífsleikni, heilsufar, næring og svefn, hæð, þyngd og sjálfshjálp. Skráð er í bókina tvisvar sinnum á ári, í afmælismánuði barnsins og hálfu ári seinna. Foreldrum er boðið í viðtal í afmælismánuði barnsins en foreldrar geta óskað eftir viðtali við deildarstjóra þegar þeir telja þörf á.

Gátlistar Heilsustefnunar

Gátlistarnir er notaður sem árlegt innra mat leikskólans. Mikilvægt er að allir starfsmenn komi að umræðu um innra mat heilsustefnunar. Markmið gátlistanna er að skólarnir hafi yfirsýn yfir það hvernig þeim gengur að framfylgja helstu viðmiðum og markmiðum heilsustefnunnar. Á starfsdegi á vorönn var farið yfir gátlistana og niðurstöðurnar koma fram í viðauka 2.

Heilsueflandi leikskóli

Heilsueflandi leikskóli er verkefni á vegum Embættis landlæknis sem er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru heilbrigði og velferð skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi.

Heilsueflandi leikskólar leggja áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: *hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.* Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun og að í skólanámskrá sé tekið mið af stefnunni. Stefnan þarf að vera unnin í góðu samstarfi skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra, barna og nærsamfélagsins en þannig næst bestur stuðningur við málefnið og sameiginlegur skilningur. Reglulega þarf síðan að meta árangur stefnunnar og endurskoða í samráði við fulltrúa allra þeirra sem áttu þátt í gerð hennar.

Hljóm-2

Metur hljóðkerfis- og málmeðvitund 5 - 6 ára barna í því skyni að skima þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleikum síðar meir. Fyrst er metið að hausti og þau börn sem fá slaka færni fá markvissa þjálfun í sérstökum málörvunarhópi. Þar er unnið með námsefni sem búið er að lista upp og leggja áherslu á. Um miðjan febrúar er tekin önnur skimun til að skoða framfarir hjá börnunum og fara þær niðurstöður með barninu í grunnskólann. Áhugi er fyrir því að gera könnun á elsta árgangi hverju sinni hvað það eru mörg börn sem geta lesið eða hljóðað sig áfram áður en þau hætta hjá okkur.

Mat barnanna

Fyrir útskrift meistara í júní 2021 tók leikskólastjóri viðtal við um helming barnanna þar sem spurt var um hvað þau væru búin að læra í leikskólanum, hvað væri skemmtilegasta viðfangsefnið og ef þau mættu ráða í einn dag, hvernig ætti leikskólinn að vera. Það var greinilegt að verkefnið með Blæ er að skila sér því flest börnin nefndu að þau væru búin að læra að vera vinir, leika saman og vera góð hvert við annað. Hreyfistundirnar i salnum voru vinsælastar en þar á eftir ýmiskonar sköpun, kubbar o.fl. Ef börnin mættu ráða í einn dag þá komu fram hugmyndir eins og að breyta húsnæðinu í kastala, borða pizzu alla daga og að allir mættu ráða hvað þau léku sér við allan daginn. Þetta mat var svo kynnt fyrir foreldrum á útskriftardaginn og er þetta eitthvað sem verður gert árlega.

Mat starfsmanna

Starfsmannasamtöl: (Innra mat)

Metur líðan, samskipti, stjórnun, styrkleika og væntingar um starfsþróun. Í verklagi sem Skólar ehf. hafa sett sér er gert ráð fyrir að deildarstjórar taki starfsþróunarsamtöl annað árið og skólastjóri hitt árið. Vegna breytinga á stjórnun leikskólans í febrúar 2021 þá fóru formleg samtöl ekki fram en bætt verður úr því á þessu skólaári.

Vinnustaðagreining: (Ytra mat)

Skólar ehf. framkvæma vinnustaðagreiningu annað hvert ár og sá Skólapúlsinn um framkvæmd og úrvinnslu vinnustaðargreiningar í mars 2021. Þar eru teknir spurningar um viðhorf til

leikskólans, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstíma og opnar spurninga. Að þessu sinni voru Skólar ehf. með sérhæfðar spurningar sem lúta að stefnu fyrirtækisins og Heilsustefnunni o.fl. Könnunin fór fram þegar verið var að skipta um stjórnendur og því nokkur óvissa framundan. Engu að síður geta niðurstöðurnar gefið vísbendingu um hvar helst þarf að vinna að umbótum í innra umhverfi leikskólans.

Verkefnabók (Innra mat) skólaárið 2020-2021

Farið var yfir verkefnabók á deildarfundum, deildarstjórafundi, skipulagsdögum og matsfundum. Farið var yfir hvað væri framundan og hvað gekk vel, hvað mætti betur fara og hugmyndir að umbótum. Vinnan með bókina hefur skilað markvissari vinnu inn á lundum en einnig hafa starfsmenn aukin áhrif á hvernig verkefnin eru lögð fram og hvers vegna við erum að vinna þau. Bókin skapaði góðar umræður þar sem unnið var með lausnaleit og að allir hafi rödd.

Fundir og starfsdagar (Símenntun og innra mat)

Fundir og starfsdagar eru tæki til endurmats og framþróunar. Á fundum og starfsdögum fer fram endurmat og umræður um daglega starfshætti og stjórnun. Á fagfundi er framgangur starfsáætlunar metinn með því að fara yfir hvað hefði tekist að framkvæma af verkefnaáætlun og farið yfir stöðu þróunar- og nýbreytniverkefna. Á stjórnendateymisfundum er farið yfir starfshætti skólans, verkefni, starfsáætlun, viðburðardagatal, starfsmannahald og málefni líðandi stundar leyst eða sett í ferli. Á fundum með matráðum er farið yfir matseðla og fjárhagsáætlun, farið yfir áætlanir og endurmetið. Á deildarfundum er farið yfir málefni barna, verkefnabók og skipulag einstakra lunda.

Símenntunaráætlun var skipulögð á starfsdögum og á fundum í símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn tengt áherslum í starfsáætlun skólans (sjá töflu hér að neðan). Auk þess sem kemur fram í símenntunaráætlun var boðið upp á styttri námskeið á fundum og skipulagsdögum sem kennarar og/eða stjórnendur skólans héldu. Áherslan hjá okkur þetta skólaár er að halda við grunnþáttum og stefnum skólastarfsins. Einnig leggjum við áherlu á að taka vel á móti nýjum starfsmönnum.

Mat forráðamanna

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár og er spurningakönnun þá send rafrænt til foreldra frá menntasviði Kópavogs. Niðurstöður gefa leikskólanum vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti gera betur í starfinu.

Lokaorð

Áskoranir á leikskólastiginu hafa verið nægar í leikskólum landsins með heimsfaraldri, styttingu vinnuvikunnar og uppgangi í þjóðfélaginu þar sem keppst er um starfskrafta. Leikskólinn Kór hefur auk þess verið að fást við mygluvanda og nýir stjórnendur hafa tekið við. Þessu öllu hafa fylgt töluverðar mannabreytingar en á sama tíma er kjarni starfsmanna sem hefur starfað nokkuð lengi í Kór, það er dýrmætt.

Í Kór er fallegt samfélag barna, foreldra og starfsmanna með það sameiginlega markmið að gera leikskólann að stað þar sem öllum líður vel og taka framförum. Þetta endurspeglast í áherslum nýrra stjórnenda að huga að vellíðan starfsmanna og barna og koma stöðugleika á í leikskólanum. Samskipti við foreldraráð og foreldrafélag hafa verið afar góð sem er ómetanlegt veganesti og stuðningur við starfið. Á sama tíma og leikskólinn glímir við áskoranir hugum við að vellíðan, öryggi og að sinna þeim verkefnum sem við teljum mikilvægust eins og hreyfingu, sköpun, Lubba og málörvun, Vináttuverkefninu Blæ og æfum okkur í Tákn með tali.

Ábyrgðarmenn:

Berglind R. Grétarsdóttir skólastjóri

Kolbrún G. Haraldsdóttir aðstoðarskólastjóri

Hér á eftir undir viðauka koma símenntunaráætlun skólans, umbótaáætlun, skóladagatal og fleira.

Viðaukar

1. Símenntunaráætlun 2021-2022
2. Gátlistar heilsustefnunnar
3. Umbótaáætlun 2021-2022
4. Skóladagatal 2021-2022

Símenntunaráætlun 2021-2022

Starfshópar	Námskeið - Kennari	Markmið	Tími	Ábyrgð
Allir	**Jákvæðir starfshættir og samskipti í Kór-** Skólastjórnendur í Kór	Fá fræðslu um hvernig starfshættir eru í leikskólanum og ábyrgð þeirra í starfi	Haustönn 2021	Berglind og Kolla
Allir	**Samskiptahæfni-** Aldís Arna Tryggvad.	Samskiptaleiðir og búa til gildi starfsmanna	September 2021	Berglind
Allir	**Tákn með tali**-Signý Einarsd.	Að læra undirstöðufærni í Tákn með tali og notkun þess í daglegu starfi leikskólans	Nóvember 2021	Berglind
Starfsmenn sem hafa ekki setið námsekið	**Blær vinaverkefni Barnaheilla**	Að læra að nota þetta kennsluefni í starfinu með bönrnunum	Vorönn 2022	Skólastjórnendur
Allir	**ADHD**	Læra um einkenni og hegðun barna með ADHD	Mars 2021	Sérkennsluráðgjafi hjá Kópavogsbæ
Allir	**Námsferð til Kanada** - Kvan	Styrkja starfsmenn sem liðsheild	Maí 2021	Skólastjórnendur

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Gátlisti Heilsustefnunnar – niðurstöður úr mati vor 2021

	Lífsleikni	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
	Leikurinn				
1	Börnin fá tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik		x		
2	Frumkvæði og hugmyndaflug barna er virt		x		
3	Efniviður er vandaður, fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna			x	
4	Starfsfólk er til staðar til að kveikja áhuga og styðja við nám barnanna		x		
5	Starfsfólk er hvatt til að kynna sér skilgreiningu á þróun leiks			x	

	Samskipti	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Börnin eru hvött til tjáskipta	x			
2	Börnin fá tækifæri til að leysa ágreining sín á milli		x		
	Lögð er áhersla á jákvæð samskipti á milli:				
3	barna	x			
4	barna og starfsfólks	x			
5	starfsfólks	x			
6	foreldra og starfsfólks	x			

	Líðan	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Lögð er áhersla á að efla sjálfsöryggi barna	x			
2	Lögð er áhersla á að kenna börnum að sýna hvert öðru umhyggju	x			
3	Starfsfólk nýtir frjálsa leikinn til að fylgjast með líðan barna		x		
4	Börnin eru hvött til þess að segja með orðum hvernig þeim líður	x			

	Næring og sjálfshjálp	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
	Næring				
1	Matseðilinn er settur saman með hliðsjón af ráðleggingum Embættis landlæknis	x			

2	Matseðilinn er yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi	x			
3	Matseðillinn er sýnilegur foreldrum	x			
4	Viðmið Embættis landlæknis er notað þegar valin er mjólk	x			
5	Boðið er upp á fisk tvisvar í viku eða oftar	x			
6	Boðið er upp á fjölbreytt grænmeti daglega	x			
7	Ávextir eru í boði oftar en einu sinni á dag	x			
8	Boðið er upp á lýsi eða annan D vítamíngjafa daglega	x			
9	Trefjainnihald brauðs er að lágmarki 6 grömm á hver 100 grömm		x		
10	Vatn til drykkjar er aðgengilegt	x			
11	Máltíðir eru að mestu unnar frá grunni	x			
12	Salti í máltíðum er haldið í lágmarki < 2,5gr RDS	x			
13	Hörð fita í máltíðum er höfð í lágmarki	x			
14	Börnin eru hvött til að smakka allan mat	x			
15	Jákvæð umræða er um matinn í matartímum og fræðsla um hollustu	x			

Svefn		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Leikskólinn veitir börnunum tækifæri til hvíldar yfir daginn		x		
2	Leikskólinn veitir þeim börnum sem sofa tækifæri til þess yfir daginn	x			
3	Leikskólinn styðst við viðmið heilsugæslu þegar kemur að svefnþörf barna undir **2 ára 12,5 - 15,5 klst. á sólarhring og 2-4 ára 11-13 klst. á sólarhring**	x			

Sjálfshjálp		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Í leikskólanum fá börn 2 ára og eldri hníf og gaffal		x		
2	Börnin eru hvött til að smyrja sjálf		x		
3	Börnin eru hvött til að hella sjálf		x		
4	Börnin eru látin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og útiveru	x			
5	Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf	x			

Skráningar		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Markvisst er fylgst með þroska barna með skráningu í Heilsubók barnsins og skráð er tvisvar á ári	x			
2	Ábyrgðaraðili er yfir skráningu Heilsubókar	x			
3	Ábyrgðaaðilar eru öryggir á því hvernig á að skrá í Heilsubókina		x		
4	Lögð er áhersla á nákvæma skráningu um heilsufar barna	x			

	Sköpun	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
	-				
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu sköpunar			x	
2	Dagskipulagið gefur tækifæri til skapandi vinnu		x		
3	Skapandi efniviður er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin bæði úti og inni	x			
4	Efniviður til að þjálfa fínhreyfingar (t.d. litir, skæri, pappír) er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin		x		
5	Börnin fá tækifæri til að beita líkamanum á mismunandi hátt, t.d. sitja við borð, standa við trönur, liggjandi á gólfi o.s.frv.		x		
6	Börnin fá tækifæri til að fara ólíkar leiðir í sköpun (myndlist, sögugerð, tónlist, dans, tjáning, frjáls leikur, ræktun)	x			
7	Starfsfólk er meðvitað um að sköpunarferlið skiptir mestu máli en ekki útkoman			x	
8	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að grípa augnablikin og vekja forvitni barnanna á umhverfi sínu		x		
9	Verk barnanna eru sýnileg hvort sem það tengist myndlist, frásagnir, koma á framfæri því sem þau eru að skapa	x			

	Hreyfing	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu hreyfingar	x			
2	Áhöld til að geta framkvæmt æfingarnar úr Heilsubók barnsins eru til staðar	x			
3	Hreyfistundir eru byggðar á þáttum úr Heilsubókinni	x			
4	Samræmd markmið og tímaseðlar eru fyrir hvern aldur í hreyfistundum		x		
5	Skipulagðar hreyfistundir í sal eru að lágmarki einu sinni í viku		x		
6	Börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag	x			
7	Leikskólinn nýtir sitt nánasta umhverfi fyrir hreyfistundir	x			
8	Starfsfólk tekur þátt í leikjum og hreyfingu með börnum inni/úti		x		
9	Farið er í göngu- eða vettvangsferðir með öll börn reglulega		x		
10	Stjórnendur leitast við að fá námskeið fyrir starfsfólk tengd hreyfingu barna			x	
11	Starfsfólk er hvatt til hreyfingar í frítíma		x		
12	Foreldrar fá fræðslu um heilsustefnuna	x			

Umbótaáætlun 2021-2022

Stjórnun

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Gott upplýsingaflæði til foreldra	Að foreldrar séu vel upplýstir um málefni leikskólans og starfið sem fer þar fram	Samskipti við foreldra í byrjun og lok dags, upplýsingar á töflu daglega, fréttabréf og fréttir á Facebook	Er stöðugt í gangi	Allt starfsfólk	Endurmat með skólaráði vor 2022	Að meirihluti foreldra sé ánægður með upplýsingaflæði
Gott upplýsingaflæði til alls starfsfólks leikskólans	Að allir starfsmenn séu vel upplýstir dag hvern	Upplýsingatafla, daglegir morgunfundir, vikulegir deildarstjórafundir og deildarfundir hálfsmánaðarlega	vor 2021- vor 2022	Allt starfsfólk	Endurmat með umræðum meðal starfsfólks vor 2022 og Skólapúlsinn 2023	Að meirihluti starfsfólks sé ánægður með upplýsingaflæði
Daglegur rekstur	Ábyrgur rekstur	Vönduð fjárhagsáætlun og gott upplýsingaflæði til skrifstofu með tölvupóstum og mánaðarlegum rekstrarfundum	Er stöðugt í gangi	Skólastjóri, aðstoðarskólastj. og rekstarsfjóri Skóla ehf.	Endurmetið reglulega yfir árið með því að skoða rekstrartölur	Að rekstrartölur sýna afgang

Uppfæra skólanámsskrá	Að skólanámskrá endurspegli áherslur leikskólans og þær breytingar sem hafa orðið komi fram í skólanámskrá	Skipta starfsfólki skólans upp í hópa og taka kafla fyrir sig. Búa til námskrárteymi sem endurskrifar námskrá	Byrja á vorönn 2022, áætla að klára á skólaárinu 2022-2023	Stjórnendur og námskrár teymi	Umræður á fundum	Að ný skólanámskrá verði gefin út í síðasta lagi vorið 2023

Mannauður

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Skerpa á hlutverki starfsmanna í leik	Að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og mikilvægi í leik barna	Umræður og fræðsla um rannsóknir á þessu sviði	Skólaárið 2021- 2022	Stjórnendur og allt starfsfólk	Endurmat starfsdegi vor 2022	Að allir starfsmenn hafi skilning á hlutverki þeirra og það komi fram í endurmati, t.d. í gegnum gátlista Heilsustefnunnar

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Uppeldis- og menntastarf

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Lubba veggur	Að útbúa kassa með hlutum sem tengjast öllum málhljóðunum til að gera námið áþreifanlegra	Finnum kassa og söfnum hlutum með aðstoð allra, starfsmanna og heimilum barnanna	Janúar 2022-desember 2022	Stjórnendur og deildarstjórar eldri deilda	Endurmat starfsdegi vor 2022	Þegar Lubba veggur er kominn upp
Blær og vináttan	Að fleiri starfsmenn fari á námskeið og verði þannig færari að vinna með námsefnið og styðja börnin í samskiptum	Sendum reglulega starfsmenn á námskeið. Styðjumst við klípusögur úr námsefninu til að kveikja umræður á starfsdögum	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og allt starfsfólk	Endurmat starfsdegi vor 2022	Að helmingur starfsmanna hafi farið á námskeið vorið 2022
Hvíld og núvitund	Að starfsmenn séu meðvitaðir um að gera hvíldarstundina að gæðastund	Umræður um hvernig hvíld getur farið fram	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og allt starfsfólk	Endurmat starfsdegi vor 2022	Að börn og starfsmenn njóti þess að eiga gæðastund um miðjan daginn

Að bæta úrval leikefnis	Að kaupa vel valin og vönduð leikföng sem auka fjölbreytni hvetja til sköpunar	Hver deild setur fram óskalista fyrir fjárhagsáætlun 2022	Janúar 2022-desember 2022	Stjórnendur	Endurmat á starfsdegi í lok árs 2022	Að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttari leikefni

Leikskólabragur

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hnenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Viðmót og menning	Betri líðan í starfi meðal annars með nýliðafræðslu	Fyrirlestrar um líðan og samskipti. Umræður á starfsdögum. Gerð samskiptasáttmála.	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og allt starfsfólk	Endurmat á starfsdegi vor 2022	Að starfsfólki líði vel í vinnu og finnist það hluti af heild.
Þátttaka og upplýsingamiðlun	Að foreldrar upplifi sig og börnin sem hluta af samfélagi leikskólans	Þátttökuaðlögun og heimsókn til nýrra barna	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og allt starfsfólk	Endurmat á starfsdegi vor 2022	Að foreldrakönnun sýni að a.m.k. 85% foreldra finnist þau velkomin og þekki vel til starf leikskólans

Innra mat

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hnenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Skipulag og viðfangsefni innra mats	Langtímáætlun (3-5 ár) um innra mat liggur fyrir	Gera langtímaáætlun um innra mat	Vorönn 2022	Stjórnendur og matsteymi	Nýta kvarða við mat á vísbendingum um gæðastarf	Að langtímáætlun sé notuð til að skipuleggja innra starfið
Gagnaöflun og vinnubrögð við innra mat	Að foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgansröðun í innra mati	Nýta foreldrakannanir og aðkomu foreldraráðs	Skólaárið 2021-2022	Stjórnendur og matsteymi	Vorönn 2022, áherslur settar í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023	Að foreldrar taki alltaf þátt í ákvörðunartöku um forgangsröðun í innra mati
Opinber birting og umbætur	Í greinagerð um innra mat er greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta og mikilvægt að allir í samfélagi leikskólans hafi aðgang að því.	Að niðurstöður úr innra mati og tækifæri til umbóta fari í umbótaáætlun í starfsáætlun hvers árs	Fer fram árlega	Stjórnendur og matsteymi	Er alltaf í gangi	Að niðurstöður úr innra mati sýni umbætur í skólastarfinu

Grænfáninn

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum
Markviss vinna tengd Grænfánaverkefninu	Að hefja aftur markvissa vinnu með börnum og starfsfólki með þemað "Neysla og úrgangur"	Umræður og fræðsla á starfsdögum. Endurvekja umhverfisráð barna og fullorðinna.	Skólaárið 2021- 2022	Kolla aðstoðarskstj. og allir starfsmenn	Endurmat á starfsdegi vor 2022	Að komin séu 4-6 markmið til að vinna að næstu tvö ár

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

Skóladagatal 2021-2022

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: **Heilsuleikskólinn Kór**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M	Appelsínugulur mánuður	1 F	Bleikur mánuður	1 M	Fjólublár mánuður	1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ	Blár mánuður	1 Þ	Grár mánuður	1 F	Gulur mánuður	1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	Afmæli Kórs/ íþróttadagur
2 M	Frídagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F	Rauður mánuður	2 S		2 M		2 M		2 L	Alþjóðlegur dagur einhverfunnar	2 M	Grænn mánuður	2 F	
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F	Foreldrakaffi	3 M	Skipulagsdagur	3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	
4 M		4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ	Hvítur mánuður	4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M		6 F	Þrettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M		7 M		7 F		7 L		7 Þ	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F		8 S		8 M	
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Pálmasunnudagur	10 Þ		10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 M		11 M		11 L	
12 F	Aðlaganir byrja	12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómannadagurinn
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M	Söngstund/ Gulur dagur	13 F		13 M	
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	Bolludagur	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ	
15 S		15 M		15 F	Bleikur dagur	15 M		15 M		15 L		15 Þ	Sprengidagur	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M	Öskudagur	16 M	Skipulagsdagur	16 L		16 M	Skipulagsdagur	16 F	
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F	Söngstund/ rauður dagur	17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Ljóðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 M		18 F	Skipulagsdagur	18 L		18 Þ		18 F	Maðra- og ömmukaffi	18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F		20 M	Hljómprót byrja	20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagur/feðra- og afakaffi	21 M		21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	
22 S		22 M		22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M	
23 M		23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorlákmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ		24 F	Skipulagsdagur	24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F	Söngstund/ blár dagur	25 F		25 M		25 M	Söngstund/ grænn dagur	25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F	Söngstund/ fjólublár dagur	26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F		27 M	Alþjóðleg vika hefst	27 M	Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F	Auka skipulagsdagur	27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F	Söngstund/ hvítur dagur	28 M		28 M		28 F		28 L		28 Þ	
29 S		29 M		29 F	Hrekkjavaka	29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	Drullumalladagur
30 M		30 F	Söngstund/ appelsínugulur dagur	30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlárdagur	31 M				31 F	Söngstund/ grár dagur			31 Þ			